Laufásborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra. 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026. 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027. 5
4. Starfsþróunarsamtöl 6
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. 6
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. 6
7. Foreldrasamstarf. 6
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 6
9. Þróunarverkefni 6
10. Fylgiskjöl: 7
    - 10.1 **Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026**. 7
    - 10.2 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027**. 8
    - **10.3 Umsögn foreldraráðs**. 10

1. Greinargerð Laufásborgar

1.janúar 2026 tók Hamingjuhöllin ehf. við rekstri Laufásborgar. Leikskólastýra skólans leiddi þessa breytingu og er í fararbroddi teymisins sem stendur á bak við það að taka við rekstri Laufásborgar. Teymið á bak við Jensu hefur starfað áratugum saman við hlið hennar og, eins og hún, brennur fyrir því að skapa góðan skóla á hverjum degi. Markmið okkar fyrir skólaárið 2026–2027 er að viðhalda þeim gæðum sem við höfum unnið markvisst að síðustu 20 ár. Laufásborg stendur fyrir einstöku leikskólastarfi þar sem stefnan er skýr og metnaður og virkni alls starfsfólks einkennir barnastarfið. Góður skóli er reistur á hverjum degi og það krefst þrautseigju og hugsjóna að ná þeim árangri sem við getum státað af, bæði hvað varðar jákvæðan skólabrag og stöðugleika í starfsfólksmálum. Galdurinn er að skapa umhverfi sem byggir á velsæld og vellíðan og styður þannig við okkur öll, stór sem smá. Okkar kjörorð eru “gleði er fagmennska” því í “gleðigallanum” verður allt léttara. Okkur líður alltaf þannig í hjartanu að Laufásborg sé meira en “bara leikskóli” því hér er mannrækt og uppbygging á hverjum degi og hlúð jafnt að stóru fólki sem smáu. Við erum hjartamenntandi og kærleiksdrifinn leikskóli og vinnustaður og með kærleika og þakklæti að leiðarljósi náum við að skapa og fylla alla daga af fallegu og uppbyggilegu barnastarfi.

Við höfum þróað okkar jákvæða skólabrag byggðan á skýrri stefnu og sýn, samheldni starfsfólks, gleði, mannrækt, aga, kærleik, sköpun, jafnrétti, lýðræðislegu barnastarfi, frumkvæði og nýsköpun. Við störfum sem eitt teymi og erum með sterka verkferla en hver kjarni er sjálfstæð eining. Það sem einkennir hvern leikskóladag er röð, regla, rútína byggð á samræmdum vinnubrögðum alls starfsfólks. Dagskrá skólans er eins alla daga skólaársins með val- og hópatíma til skiptis. Hvert barn skólans, óháð aldri, kyni, fötlun eða fjölskylduaðstæðum, tilheyrir hópi og hópstýru/-stjóra sem jafnframt er persónulegur tengiliður skólans við foreldra barnsins. Hópakerfið er skilvirk leið til að tryggja yfirsýn og þekkingu á hverju barni og tengsl við fjölskyldur þess. Með þessu móti er skólinn alltaf með barnið, líðan þess og þarfir, í forgangi. Til að tryggja gott samstarf og upplýsingaflæði eru foreldrar skólans ávallt einlægt hvattir til að hafa samband við skólann, hópstýru/-stjóra eða leikskólastýru skólans, hvenær sem þeim liggur eitthvað á hjarta er varðar barnið þeirra eða skólastarfið. Við leggjum áherslu á að við fáum allar upplýsingar frá foreldrum í rauntíma svo við getum enn betur komið til móts við þarfir og óskir foreldra og barna. Vellíðan er grunnur alls náms og festan í deginum og sú góða samvinna sem er á milli heimilis og skóla skapar öryggi og vellíðan hjá nemendum skólans. Við leggjum alúð í að skapa persónuleg tengsl við börn og fjölskyldur þeirra og það er okkur hjartans mál að taka hlýlega á móti hverju barni eða eins og einn lítill vinur okkar sagði við móður sína á leiðinni í leikskólann, “*það verða allir svo glaðir þegar ég kem á Laufásborg*”. Þetta er andinn og skólabragurinn sem við viljum skapa á hverjum degi, hjarta í hjarta. Fjölskyldukönnunin í ár kom glimrandi vel út eins og kannanir síðustu ára. Kannanirnar sýna að fjölskyldur skólans bera mikið traust til okkar. Traust foreldra er forsenda þess hversu dugleg við erum að prófa nýjar leiðir og erum frumleg og skapandi. Foreldrar treysta því að allar breytingar og allt sem við gerum sé vel ígrundað, byggt á reynslu og faglegri þekkingu.

Starfsfólksmálin á Laufásborg eru í föstum skorðum, vinnubrögð eru samræmd og hér er hátt faghlutfall meðal starfsfólks. Við leggjum metnað í að ráða til okkar fólk með fjölbreytta menntun og reynslu því það er okkar reynsla að þverfagleg nálgun og reynsla eykur gæði skólastarfsins. Á Laufásborg starfa leik- og grunnskólakennarar í bland við tónskáld,

sálfræðing, þjóðfræðing og fólk með háskólamenntun í ýmsum uppeldis- og listgreinum. Faghlutfallið í skólanum er hátt en 70% starfsfólks er með háskólamenntun. Kannanir sýna mikla starfsánægju starfsfólks ár eftir ár, starfsfólksvelta er lítil en hér hefur meira en helmingur starfsfólksins starfað saman í 10 til 25 ár. Nýtt starfsfólk fær margra vikna fræðslu og handleiðslu en takmarkið er alltaf samræmd vinnubrögð og samheldni í starfsfólkshópnum. Bæklingurinn „Velkomin á Laufásborg“ er lykiltól í fræðslu nýliða en lögð er helst áhersla á að lærdómurinn fari fram í verki og með samræðum á vettvangi. Markmið okkar er að framlag hvers og eins okkar sé hámarkað með sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð þar sem styrkleikar okkar fá að njóta sín, það skapar gæði sem stækka skólann á hverjum degi. Starfið er krefjandi og ábyrgðin mikil, bæði hvað varðar teymisvinnu sem og sjálfstæð vinnubrögð. Morgunskilaboð frá leikskólastýru innihalda dagskipulag og hvatningu sem setur jákvæðan tón fyrir daginn. Eitt af sérkennum Laufásborgar er að hér er engin eiginleg skrifstofa. Fyrir utan þau sem starfa í eldhúsinu sinnir allt annað starfsfólk skólans barnastarfinu, ber ábyrgð á barnahóp eða tilheyrir barnahópi sem stuðningur. Við erum því öll virk í dagskrá skólans, öll jöfn og öll á “gólfinu”. Þetta er okkar leið til að hámarka gæðin í barnastarfinu. Börn á leikskólaaldri eru á mikilvægu mótunarskeiði í sínu lífi og því fylgja allskonar áskoranir og engin tvö börn eru eins. Barnastarfið er því í eðli sínu lífrænt og síbreytilegt og til að vanda sem mest til starfa krefst það þess að við séum í stöðugri samvinnu og stöðugum samskiptum hvort sem það er innan eða á milli kjarna. Starfið krefst þess að starfsfólk þarf að vera í jafnvægi og vellíðan til að geta tekist á við leikskóladaginn í gleðigírnum. Starfsfólk skólans er allt meðvitað um mikilvægi þess að halda streitu í lágmarki og finna leiðir til að halda í gleði og jákvæðni í starfi með börnunum. Þessi áhersla hefur skilað því að lausnamiðuð nálgun í starfi er orðinn ákveðinn fasti á Laufásborg sem starfsfólk og foreldrar treysta á. Mæting starfsfólks er almennt til fyrirmyndar og teymisvinnan öflug. Starfsfólk er samhent og þó hver kjarni sé sjálfstæð eining erum við öll tilbúin að sýna samvinnu og hjálpsemi þegar þörf er á. Fyrir vikið hefur Laufásborg aldrei þurft að skerða skólastarf eða loka skólanum vegna fáliðunar. Heiðarleiki, ástríða fyrir barnastarfinu og jákvæðni er grunnurinn að því að við erum alltaf að bæta okkur - að bæta skólabraginn, teymisvinnuna, styrkja okkur í starfi sem hópur en einnig sem hópstýrur/-stjórar. Við leggjum áherslu á að vera liðsheild og á hverju ári förum við saman í hópeflisferðir, bæði innanlands og utan. Það má því segja að starfið sé ákveðin tegund af geðrækt þar sem starfsfólk skólans er alla daga skólaársins í dagskránni að iðka markvisst jákvæðni- og lífsgleðiæfingar með barnið í forgrunni.

Okkar nálgun í starfi með börnum samræmist mjög vel yfirlýstu markmiði menntastefnu Reykjavíkurborgar um að efla og styðja við börn þannig að þau blómstri í öflugu lærdómssamfélagi þar sem leikurinn er útgangspunkturinn. Stefna borgarinnar byggir á fimm grunnþáttum; félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Öll okkar nálgun í starfi með börnum byggir á að efla og styðja við þessa fimm þætti. Við störfum samkvæmt skipulagi og hugmyndafræði Hjallastefnunnar, en það er mjög vel útfærð sér sériślensk leikskólastefna þar sem hugsað er fyrir öllum helstu þáttum örvunar fyrir börn á leikskólaaldri. Á Laufásborg er öflugt lærdómssamfélag þar sem börnum eru skapaðar kjöraðstæður til náms. Öll börn skólans fá kennslu í rammíslenskum kveðskap, garðyrkju, skák- og enskukennslu. Útskriftarárgangur skólans fær jafnframt frönskukennslu, auk lestrarkennslu sem byggir á hljóðainnlögn. Öflug félagsfærni- og hegðunarkennsla skólans hefur skilað okkur því að hvert sem nemendur skólans koma vekja þeir athygli fyrir kurteisi og færni í samskiptum. Tónlistar-, félagsfærni-, hegðunar- og skákkennsla skólans er á háu

plani og við erum alltaf að bæta okkur og hámarka gæðin. Laufásborg er líklega eini skóli landsins sem er markvisst að viðhalda menningararfi þjóðarinnar með kennslu í kveðskap. Kveðskapurinn stuðlar að fjölbreyttri og góðri málörvun. Skákkennsla Laufásborgar hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana, en Laufásborg er eini leikskólinn í heiminum sem hefur sent börn á leikskólaaldri á HM og EM í skólaskák. Elstu nemendur skólans hafa ítrekað staðið sig með glæsibrag á innlendum og alþjóðlegum skákmótum og fengu á síðasta EM skólaskákmóti í maí í Króatíu sérstaka viðurkenningu fyrir "*outstanding team spirit and dedication to chess*". Hrós- og þakklætiskort skólans, kort sem við bjuggum til sjálf, eru grunnefniviður í öllu barnastarfi skólans og þau leggja grunninn að jákvæðu lífsviðhorfi barnanna til frambúðar. Með daglegri notkun hrós- og þakklætiskorta skólans er öllum börnum skólans markvisst kennt að sjá það góða í sjálfum sér og öðrum og að finna til þakklætis. Einstakt útisvæði skólans með náttúrulegum opnum efniviði gefa börnunum færi á að skapa sinn eigin heim á hverjum degi þar sem drumbar, mold, vatn, drullumall, steinar, laufblöð, skeljar, sandur og trjágreinar og belgir hanga niður úr trjánum í stað róla og gera garðinn síbreytilegan og lifandi. Börnin fá markvissa kennslu í undirstöðuatriðum garðyrkju, þau fá tækifæri til að annast garðinn og fuglana í garðinum og eru áherslurnar árstíðabundnar. Síðustu ár hefur útskriftarárgangurinn farið að vori að Sólheimum í Grímsnesi þar sem börnin ásamt sínum hópstýrum/-stjórum gista eina nótt. Einstakt traust sem foreldrar barnanna sýna skólanum og hópstýrum/-stjórum hópsins og það er óhætt að segja að börnin koma alltaf kát og keik til baka enda alltaf afar vel heppnaðar ferðir.

Á skólaárinu var ráðist í ýmsar framkvæmdir. Hænsnakofinn var tekinn í gegn og byggður upp alveg frá grunni og fékk meðal annars nýtt þak. Reykjavíkurborg stóð fyrir því að hljóðvist skólans var stórlega bætt með þar til gerðum plötum. Í kjölfarið var málað inn á kjörnum þar sem þörf var á. Hamingjuhöllin ehf. stóð fyrir því að eldhús skólans var algerlega tekið í gegn, flísalagt, málað, keypt voru ýmis ný tæki og þar á meðal nýr ofn. Í kjölfarið var ráðinn kokkur til starfa á Laufásborg og má segja að það hafi verið okkur mikið gæfuspor. Allt hráefni eldhússins er nú lífrænt og í hæsta gæðaflokki, allt frá kryddi, mjöli og grænmeti yfir í jógúrt og kjöt. Fyrsta flokks birgjar útvega okkur fyrsta flokks fisk og kjúkling og lífrænt kjöt. Allur matur er eldaður frá grunni og á hverjum degi fær starfsfólk skólans og foreldrar sem líta við á kaffistofunni heilsuskot úr lífrænu engiferi, gulrótum, eplum, appelsínum, spínati og rauðrófum.

Með starfsáætluninnni fylgja mörg fylgiskjöl, hvert og eitt þeirra talar sínu máli og gefur góða innsýn í áherslur skólastarfsins á Laufásborg og okkar faglegu vitund.

Að lokum viljum við deila þeim gleðifréttum að Jensína Edda Hermannsdóttir, Jensa hefur verið valin Reykvíkingur ársins og á bak við þá viðurkenningu er afrakstur starfsins okkar á Laufásborg. Þetta er mikill heiður og við erum öll sem eitt afskaplega þakklát og stolt af ljósinu í Þingholtunum.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Hópastarf á Laufásborg
Hvernig fór matið fram?	Dagskrá skólans er eins alla daga ársins með val- og hópatíma til skiptis. Starf tveggja hópatíma á dag er skráð á þar til gerð eyðublöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna. Öllum blöðunum er haldið til haga og safnað saman yfir skólaárið. Við erum alltaf á tánum, við störfum á gólfinu og fylgjumst vel með hópastarfinu og þeim framförum sem hver og einn hópur tekur og bregðumst hratt og vel við á lausnamiðaðan hátt ef hópur þarf aðstoð eða ef gera þarf uppbyggilegar og farsælar breytingar til að koma enn betur til móts við börnin í hópnum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Hópatímar eru skráðir á þar til gerð eyðublöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna og eru öllum sýnileg til að lesa og koma með athugasemdir ef þörf er talin á því.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það er gott jafnvægi milli hreyfingar, félagsfærniæfinga, eins og kjark- og nálægðaræfinga, og hvers kyns þroskaörvunar í gegnum leik og söng í hópatímum. Allir hópar fara í blöndun nokkrum sinnum í viku þar sem kynin hittast á jafnréttisgrundvelli. Heilt yfir gengur hópstýrum og hópstjórum mjög vel að byggja upp heilbrigði, gleði og vellíðan í hóp með því að beita á kærleiksríkan hátt aga- og hegðunarkennslu á sama tíma og hverju og einu barni er mætt þar sem það er statt.

Hvað var metið?	Valtímar á Laufásborg
Hvernig fór matið fram?	Dagskrá skólans er eins alla daga ársins með val- og hópatíma til skiptis. Það eru fjórir valtímar á dag og eru þrír valfundir af þeim skráðir, það er val hvers barns. Fyrsti valtíminn er ekki skráður þar sem hann er í upphafi dags og þar sem það er mismunandi hvenær börn mæta í skólann. Það eru því haldnir þrír

	lýðræðislegir valfundir á hverjum degi á Laufásborg alla skóladaga ársins. Valið er lýðræðislegt, gegnsætt og sanngjarnt þar sem börnin skiptast á að byrja að velja og fjöldi barna á innisvæðum er alltaf slétt tala og fjöldi svæða er alltaf sýnilegur í upphafi hvers valfundar.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk Laufásborgar, börn og fjölskyldur þeirra. Valfundirnir ganga hratt fyrir sig en fylgja ströngustu reglum og hefðum. Starfsfólk hvers kjarna er vel vakandi og gætir þess að sanngirni og lýðræði sé virt á hverjum valfundi. Skipulagið er einfalt og skýrt og börnin fylgjast grannt með hverjum valfundi. Það ríkir þögn á valfundum, börnin sitja kyrr og kjörnuð á sínu plássi í hringnum og þau láta vita ef skipulagið riðlast. Allar fjölskyldur fá samantekt á vali hvers mánaðar sent við lok mánaðarins og geta komið athugasemdum á framfæri við sína hópstýru eða sinn hópstjóra ef þörf er á.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þessi þátttaka barna í eigin vali styður við markmið menntastefnu Reykjavíkur um að börn upplifi lýðræði og hafi áhrif á eigin leik og nám.

Hvað var metið?	**Allt barnastarf sem fer fram í hópa- og valtímum**
Hvernig fór matið fram?	Hópatímar eru skráðir á þar til gerð eyðublöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna og eru öllum sýnileg og allir þrír valfundir hvers dags, alla daga skólaársins, eru skráðir og samantekt á vali sent foreldrum við lok hvers mánaðar.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, börn og fjölskyldur þeirra.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við erum á réttri leið.

Ytra mat

Hvað var metið?	**Líðan foreldra/fjölskyldna á Laufásborg með skólastarfið skólaárið 2025-2026**
Hvernig fór matið fram?	Fjölskyldukönnun Laufásborgar fyrir skólaárið 2025-2026. Könnunin var framkvæmd á netinu, send á öll netföng foreldra barna á Laufásborg á tímabilinu 18. maí til og með 26. maí 2026.

Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Fjölskyldur á Laufásborg - svörunin var mjög góð og vel marktæk (rétt tæplega 80% svörun).
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöðurnar voru einróma, foreldrar voru í 99% tilfella mjög sammála eða sammála eftirfarandi fullyrðingum: - Barninu mínu líður vel á Laufásborg - Skólastarfið á Laufásborg hefur jákvæð áhrif á þroska barnsins míns - Skólastarfið á Laufásborg er til fyrirmyndar - Ég treysti mér til að leita til skólans með það sem mér liggur á hjarta er varðar barnið mitt og skólastarfið - Matseðillinn og þjónusta eldhússins á Laufásborg er í góðum gæðum - Ég myndi mæla með leikskólanum Laufásborg við aðra foreldra Okkar lína er að halda þessum gæðum í starfi, alltaf á tánum, alltaf öll virk í barnastarfinu.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	**STJÓRNUN**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að uppfæra heimasíðu Laufásborgar, Hamingjuhöllin ehf. hefur tekið við rekstri skólans og skólinn þarf sína eigin heimasíðu.
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Að upplýsingar er varða stefnu og starfshætti skólans séu aðgengilegar á heimasíðu skólans fyrir áhugasama.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Uppfæra heimasíðu skólans þannig að allar helstu upplýsingar er varða skólann og stefnu skólans séu sýnilegar á heimasíðu skólans og að bæklingurinn “Velkomin á Laufásborg” og samantektin okkar á örnámskeiðum skólans verði aðgengilegt öllum í gegnum heimasíðuna.
Ábyrgð	Leikskólastýra Laufásborgar og starfsfólk Laufásborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Um leið og heimasíðan er tilbúin fer starfsfólk skólans yfir það hvort að á síðunni séu helstu upplýsingar er varða skólann, stefnu hans, faglegu sýn og starfshætti.
Viðmið um árangur - Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að heimasíðan sé tilbúin og að á síðunni séu helstu upplýsingar er varða skólann, stefnu hans og starfshætti.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	**STJÓRNUN**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stilla saman strengi okkar, samræma starfshætti alls starfsfólks skólans og tryggja að við séum öll vel upplýst um stefnu og áherslur skólans.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Samræmd vinnubrögð eru gullið og fjöreggið okkar sem við stöndum vörð um alla daga, við gætum þess að ganga í takt en vera um leið í stöðugri sjálfsskoðun og fylgjast með hvort eitthvað megi betur fara því við trúum á það að góður skóli sé reistur á hverjum degi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við tölum saman, við notum hverja stund sem gefst til að samræma sýn okkar og starfshætti. Samtal og fræðsla á starfsdögum. Við notum samskiptaforrit til að ná til alls hópsins og til að koma upplýsingum til þeirra sem við störfum með á kjarna. Starfsfólksfundir eftir að skóladegi lýkur eru á um það bil sex vikna fresti yfir skólaárið 2025-2026.
Ábyrgð	Leikskólastýra skólans og allt starfsfólk skólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við upphaf nýs skólaárs sem hefst um miðjan ágúst á starfsdegi og til loka þessa skólaárs 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við erum öll á tánum, saman í liði. Við tökum samtalið á hverjum degi, erum öll tengd í hópum á messenger, nýtum starfsdaga og starfsfólksfundi þar sem við förum hringinn og hvert og eitt okkar hefur rödd og metur hvernig hópnum gengur að ganga í takt. Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á að koma upplýsingum í réttan farveg og að bera sig eftir upplýsingum sem vantar.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við göngum í takt og hver dagur gengur nokkuð áreynslulaust fyrir sig hvað varðar skipulag og dagskrá.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	**UPPELDIS- OG MENNTASTARF**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að gera örnámskeiðunum sem við höfum haldið á Laufásborg í gegnum tíðina góð skil. Námskeiðin eru í boði fyrir foreldra Laufáborgar og hafa verið haldin tvisvar á hverju skólaári síðustu 20 ár, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Á námskeiðunum komum við saman og ræðum um uppeldi og foreldrahlutverkið og gefum foreldrum innsýn í starfið á Laufásborg. Markmiðið er að deila riti, samantekt sem við höfum gert á þeim örnámskeiðum sem haldin hafa verið á Laufásborg í gegnum tíðina, á heimasíðu skólans þegar heimasíðan er tilbúin.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að deila samantektinni/ritinu með fjölskyldum skólans og öðrum áhugasömum á heimasíðu skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þegar heimasíðan skólans er tilbúin verður ritið öllum aðgengilegt.
Ábyrgð	Leikskólastýra skólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Heimasíða skólans er nú þegar komin í vinnslu - stefnt er að því að síðan fari í loftið í byrjun næsta skólaárs.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að við á Laufásborg séum sátt við afraksturinn og ritið. Grafískur hönnuður hannaði ritið og gerir tilbúið til prentunar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ritinu hefur verið deilt með fjölskyldum Laufásborgar og það er öllum aðgengilegt á heimasíðu skólans.

4. Starfsþróunarsamtöl

Á Laufásborg eru starfsþróunarsamtöl hluti af daglegri menningu – þau eiga sér stað þegar þörf krefur, frekar en eftir stífri áætlun. Við lítum á samtalið sem lifandi verkfæri í

sameiginlegu lærdómsferli starfsfólks. Í ár var starfsfólki boðið að velja sér tíma til að hitta leikskólastýru skólans. Starfsþróunarviðtalið var valfrjálst. Í starfsfólkshópnum er mikil þekking og reynsla – meðalaldur er hár og starfsfólksvelta lítil. Við gætum þess að á hverjum kjarna starfi fólk sem þekkir vel stefnu og starfshætti leikskólans og getur miðlað til nýliða. Símenntun okkar samanstendur af fræðslu, hópefli og sjálfstyrkingu.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Samræmd vinnubrögð eru gullið og fjöreggið okkar sem við stöndum vörð um alla daga, við gætum þess að ganga í takt en vera um leið í stöðugri sjálfsskoðun og eflingu og fylgjast með hvort eitthvað megi betur fara. Við erum alltaf að stilla saman strengi okkar, samræma starfshætti alls starfsfólks og tryggja að við séum öll vel upplýst um stefnu, markmið, sýn og áherslur skólans.

Rauði þráðurinn í allri okkar fræðslu og starfsþróun eru heilbrigði og vellíðan, hvernig við höldum streitu í lágmarki, hvernig við finnum gleðina í deginum og erum lausnamiðuð og jákvæð. Á starfsdögum stillum við saman strengi okkar og fáum til okkar fræðslu sem styður við okkar markmið um heilbrigði og vellíðan starfsfólks í lífi og starfi. Síðustu ár hefur Kristín Sigurðardóttir, bráða- og slysalæknir, komið til okkar með fræðslu um seiglu, streitu og samskipti. Við mælum heilshugar með þessum námskeiðum Kristínar, þau hafa dýpkað skilning okkar á mikilvægi þess að vera í vellíðan og góðu jafnvægi í barnastarfi. Öll á “grænu” eins og Kristín segir - þar sem er alúð og brosmildi þar er engin streita. Að vera á grænu merkir að við erum slök, okkur líður vel og við erum kærleiksrík. Kristín útskýrir vel hvernig við erum öll lífeðlislega tengd, það merkir að líðan hvers og eins okkar hefur bein áhrif á líðan annarra. Ábyrgð fólks sem starfar með börnum er því mikil og við erum öll meðvituð um að við þurfum alltaf að taka ábyrgð á líðan okkar, vellíðan og jafnvægi.

Starfsfólksfundir eru á sex vikna fresti allt skólaárið. Fundirnir eru haldnir eftir að skóladegi lýkur. Starfsfólksfundirnir eru nokkurs konar teymisfundir þar sem farið er yfir það sem er efst á baugi hverju sinni, ýmsar áherslur í starfi og ákvarðanir varðandi næstu skref í barnastarfinu tekin. Fundum er haldið í lágmarki þar sem það er okkar reynsla að árangursríkast er að ná samtalinu í rauntíma og ná þannig að bregðast hratt og örugglega við þeim áskorunum og tækifærum þegar þau koma upp í daglegu starfi skólans. Þessi áhersla okkar hefur skilað því að lausnamiðuð og jákvæð nálgun í starfi er orðinn ákveðinn fasti á Laufásborg sem við göngum öll að sem vísum. Þessi nálgun hefur haft bein áhrif á líðan og samheldni í hópnum en fjarvera vegna veikinda starfsfólks er í algeru lágmarki og við höfum hvorki þurft að skerða skólastarf né loka skólanum vegna fáliðunar. Við leggjum mikið upp úr því að við upplifum sterka liðsheild, að við finnum að við tilheyrum öll hópnum. Hópefli þar sem starfsfólk skólans kemur saman og lyftir sér upp er órjúfanlegur hluti af þeirri nálgun að skapa öfluga liðsheild. Reglulega hittumst við og gerum eitthvað skemmtilegt saman og á hverju ári förum við saman í hópeflisferðir, bæði innanlands og utan.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í gegnum tíðina hafa útskriftarbörn Laufásborgar farið í hina ýmsu grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Aðsókn á Laufásborg er úr öllum hverfum borgarinnar og því má segja að skólinn sé ekki “hefðbundinn” hverfisleikskóli í þeim skilningi. Við hvetjum fjölskyldur til að fara í skólaheimsókn í verðandi grunnskóla barnsins síns og fjölskyldur útskriftarbarnanna okkar hafa því sjálfar séð um að heimsækja sína hverfisskóla með sínum börnum.

7. Foreldrasamstarf

Góð samvinna við foreldra hefur gefið okkur það að foreldrar skólans eru okkar bakland og í gegnum tíðina hafa foreldrar skólans sýnt okkur að þeir eru sterkt bakland sem gott er að treysta á. Metnaðarfullar sumarhátíðir, fjáröflun, samstaða og ýmis konar viðburðir sem foreldrafélagið stendur fyrir eru nokkur dæmi um góða samvinnu skólans við foreldra. Við erum saman í liði og saman erum við sterkari.

Við erum einstaklega lánsöm og þakklát fyrir það öfluga foreldrasamstarf sem skólinn býr að. Tveir stórir viðburðir fyrir börn Laufásborgar á vegum foreldra voru haldnir á skólaárinu, annars vegar jólamarkaður í desember á vegum foreldrafélags Skákfélags Laufásborgar, “Hrókur alls fagnaðar”, og hins vegar sumarhátíðin á vegum foreldrafélags Laufásborgar. Foreldrar, núverandi og fyrrum foreldrar, bjóða barnahópum á Laufásborg á hina ýmsu listviðburði. Í skólanum er boðið upp á frönskukennslu fyrir útskriftarhópinn en það eru tveir foreldrar á Laufásborg sem sjá um kennsluna. Við erum vinaskóli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og okkur er boðið reglulega á æfingar.

Skákfélag Laufásborgar er sjálfstætt starfandi félag innan Laufásborgar og í félaginu eru núverandi og fyrrum nemendur Laufásborgar. Foreldrafélag Skákfélags Laufásborgar, “Hrókur alls fagnaðar”, er öflugt foreldrafélag sem hefur staðið fyrir ýmis konar fjáröflun allt síðasta skólaár. Í ár fór Skákfélagið í sjöunda sinn erlendis á stórmót í skák. Hópurinn var á Evrópumóti í skólaskák (European Schools Chess Championships) í Króatíu dagana 26. apríl til 6. maí. Foreldri fylgdi hverju barni og tók virkan þátt í utanumhaldi og skipulagi í kringum börnin á mótinu.

Kvæðabarnafjelag Laufásborgar tók þátt í Sumarhátíð Skoppu og Skrítlu á uppstigningardegi þann 14. maí 2026. Foreldrar mættu með sitt barn úr útskriftarárgangi skólans og saman áttum við dýrmæta stund í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Útskriftarbörn Laufásborgar munu geta tekið þátt í fjölskyldudagskrá Hörpu, heimstónlistarhátíð Hörpu, þann 13. júní 2026, vegna samvinnu við foreldra. Elstu börnum skólans var boðið að vera með trommutónleika og kveða fyrir gesti og gangandi. Hátíðin er á laugardegi og til að útskriftarárgangur skólans geti tekið þátt þurfum við að leita eftir liðsinni foreldra. Allir foreldrar eru tilbúnir til að mæta með sitt barn á hátíðina.

Foreldrum er mjög annt um skólann og við eigum marga hauka í horni í foreldrahópnum þegar kemur að ýmsum viðvikum í skólanum. Við erum til að mynda með “smið hússins” og garðyrkjufræðing sem mæta um leið og þörf er á þeirra aðstoð. Foreldrar leggja hönd á plóg óumbeðnir og við erum með fagfólk sem býður fram aðstoð sína.

Fjölskyldukönnun Laufásborgar kom mjög vel út í ár eins og síðustu ár. Allir þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni sögðust myndu mæla með skólanum við vini og fjölskyldu. Við erum mjög þakklát fyrir auðsýnt traust fjölskyldna á Laufásborg. Rétt tæplega 80% foreldra skólans svöruðu könnuninni og eru niðurstöður því marktækar.

Niðurstöðurnar voru einróma, foreldrar voru í 99% tilfella mjög sammála eða sammála eftirfarandi fullyrðingum:

- ♥ Barninu mínu líður vel á Laufásborg
- ♥ Skólastarfið á Laufásborg hefur jákvæð áhrif á þroska barnsins míns
- ♥ Skólastarfið á Laufásborg er til fyrirmyndar
- ♥ Ég treysti mér til að leita til skólans með það sem mér liggur á hjarta er varðar barnið mitt og skólastarfið.
- ♥ Matseðillinn og þjónusta eldhússins á Laufásborg er í góðum gæðum.
- ♥ Ég myndi mæla með leikskólanum Laufásborg við aðra foreldra.

Við gáfum foreldrum tækifæri á að tjá sig nánar og vorum með tvær opnar spurningar, ábendingar og þakklæti. Við fengum góðar og vinsamlegar ábendingar sem okkur er ljúft og skylt að verða við. Það var áberandi vingjarnlegur og fallegur tónn sem fylgdi ábendingunum eins og til dæmis eftirfarandi orð sýna: *„Við erum mjög ánægð með starfið á Laufásborg og eins og er er ekkert sem mætti fara betur en þegar eitthvað hefur komið sem mætti gera betur hafa viðbrögðin verið til fyrirmyndar, hlustað án varnar og tekið á málum strax”*.

Við fengum mjög mikið af fallegu og lýsandi þakklæti sem mun vera okkar leiðarljós. *“Við viljum færa ykkur innilegar þakkir fyrir einstakt starf og ómetanlega umhyggju fyrir börnum og fjölskyldum á Laufásborg. Þið hafið sýnt mikla fagmennsku, þolinmæði og kærleika i öllu sem þið takið ykkur fyrir hendur – og aldrei höfum við eða börnin fundið fyrir neinu auka álagi við að breyta um rekstrarform, hliðrun í starfsmannahaldi eða neitt slíkt. Einstakt! Lærdómurinn sem börnin fá hjá ykkur fylgir þeim áfram upp skólastigin – það sjáum við á eldri börnunum sem byggja á sterkum grunni frá ykkur. Takk fyrir okkur”*.

Í lokin má geta þess að við fengum töluvert af hrósi frá foreldrum fyrir framkvæmd þessarar fjölskyldukönnunar, hvernig hún var sett upp og hversu fljótlegt og einfalt það var að svara henni.

Í skólanum er starfandi foreldraráð. Fyrsta laugardag í nóvember eru foreldraviðtöl haldin á Laufásborg. Dagurinn er hátíðardagur þar sem við tökum á móti foreldrum með nýbakaðar vöfflur og bjóðum upp á kaffihúsastemmningu á neðstu hæð skólans.

Hvert og eitt foreldri í skólanum á sinn persónulega tengilið innan skólans, það er hópstýra/-stjóri barnsins þeirra. Við leggjum mikla áherslu á það við foreldra að við erum alltaf til taks, það má hafa samband hvenær sem er, líka eftir að skóladegi lýkur, og það má biðja um viðtal hvenær sem þörf er á.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Í fylgiskjölum er skóladagatal næsta skólaárs, skólaársins 2026-2027.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Erasmus samstarf. Samstarf við skóla á framhaldsskólastigi í Austurríki sem undirbýr nemendur fyrir störf í leikskólum og yngri barna uppeldi. Skólinn sendir hóp af nemendum í starfsnám á Laufásborg tvisvar á ári. Nemendur BAfEP Karnten eru á Laufásborg í þrjár vikur í senn. Nemendurnir fá innsýn í faglega nálgun Laufásborgar í barnastarfi, verklags- og skipulagshætti og fá þjálfun undir leiðsögn leikskólakennara.	BAfEP Karnten í Klagenfurt í Austurríki.	Erasmus+ - nemendur BAfEP Karnten sækja um styrk til starfsnáms á Laufásborg hjá Erasmus+.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat yngri og eldri kjarna 2025-2026

Við höldum áfram á sömu braut með stolti og staðfestu. Við teljum okkur hafa náð þeim markmiðum sem sett voru fyrir síðasta skólaár og það hefur skilað sér í mikilli ánægju hjá börnum, fjölskyldum og starfsfólki skólans. Hópa- og hópstýru/-stjóra kerfið tryggir að líðan og þroski hvers barns er alltaf í forgangi og við leggjum okkur fram við að mæta hverju barni þar sem það eru statt hverju sinni. Hvert einasta foreldri hefur greiðan aðgang að sinni hópstýru eða sínum hópstjóra og hefur þar með traustan, persónulegan tengilið innan skólans sem þekkir barnið þeirra best af öllum í skólanum. Skólinn heldur póstum til foreldra í lágmarki en hver póstur er þeim mun mikilvægari. Sé eitthvað óljóst er foreldrum alltaf frjálst að hafa samband við sína hópstýru eða sinn hópstjóra hvenær sem er til að fá nánari útskýringar eða þær upplýsingar sem þörf er á hverju sinni. Með ofangreindum hætti höfum við tryggt eins

gott upplýsingaflæði og hægt er til foreldra og fjölskyldna á Laufásborg. Aðgengi foreldra að upplýsingum og tengsl við starfsfólk endurspegla markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um lýðræðislegt og gagnsætt skólasamfélag.

Við störfum í þágu farsældar barna, öll börn skólans tilheyra hópi jafnaldra, óháð aldri, kyni, fötlun eða fjölskylduaðstæðum. Hver hópur hefur sína hópstýru eða sinn hópstjóra sem barnið ver lunganum af leikskóladeginum með. Hópstýran/-stjórinn verður sérfræðingur skólans í börnunum í hópnum sem hún/hann ber ábyrgð á. Viðkomandi fær fræðslu, stuðning og þjálfun við hæfi til að geta komið til móts við hvert og eitt barn í hópnum þar sem það er statt hverju sinni, hvort sem það er varðandi félagsfærni, sjálfseflingu, aðlögunarhæfni eða líðan barnsins. Börn sem þurfa stuðning hjá okkur eru gripin strax. Öflug snemmtæk íhlutun byggð á atferlismótun og sniðin að þörfum barnsins er það sem hefur skilað okkur besta árangrinum. Okkar nálgun er að veita barninu þann stuðning sem það þarf svo það geti verið eins virkt í dagskrá skólans og mögulegt er, tekið þátt í valtíma og tilheyrt hópi, en okkur er það hjartans mál að öll börn skólans tilheyri hóp. Oft þarf einnig að fækka börnum í hóp til að koma enn betur til móts við þarfir barnsins með sérþarfir. Með þessum hætti getur barnið verið í vellíðan og styrkleikum sínum í dagskránni og tilheyrt hópi og hópstýru/stjóra eins og önnur börn skólans. Hópstýran/-stjórinn er jafnframt persónulegur tengiliður skólans við fjölskyldu barnsins og því mikilvæg tenging milli heimilis og skóla. Við hvetjum fjölskyldur skólans eindregið til að leita til okkar með allt sem þeim liggur á hjarta er varðar barnið og skólann. Við viljum leysa öll mál í rauntíma enda okkar reynsla að það er alltaf barninu mest í hag. Það er stór hluti af okkar árangri í leikskólastarfi hversu mikið vægi foreldrar og fjölskyldur hafa í skólanum. Við viljum að foreldrar hafi rödd og áhrif í skólanum og að hlustað sé á foreldra og fjölskyldur barna skólans. Við viljum vera með puttann á púlsinum, engin mál eru of stór eða of lítilvægleg. Saman erum við sterkari og við viljum að foreldrar skynji að við erum með þeim í liði.

Á Laufásborg er öflugt lærdómssamfélag þar sem börnum eru skapaðar kjöraðstæður til náms. Nám barnanna fer fram í val- og hópatímum og sömuleiðis í sameiginlegum samverum kjarnans á svokölluðum skiptitíma. Börnin taka virkan þátt í að skapa sína leikskólagöngu, hafa rödd og áhrif og eru hluti af ákvarðanatöku, sérstaklega á valfundum en einnig í hópastarfi. Lýðræðisleg þátttaka barnanna er valdeflandi fyrir þau, þau kynnast lýðræðislegri hugsun og finna að þau hafa áhrif á leikskóladaginn sinn. Í starfi okkar með börnum styðjumst við við það sem við köllum “verkfærakistuna”. Verkfærakistan er safn jákvæðra og leiðbeinandi setninga sem við kennum börnunum, setningar sem þau geta gripið til og styðja við þau í samskiptum. Alla daga skólaársins leggjum við markvisst og meðvitað inn þessar setningar hjá börnunum og öll innlögnin miðar að því að kenna þeim að sýna öðrum virðingu og kurteisi og gera þau liprari í samskiptum. Öll börn skólans fá skák- og enskukennslu og elstu börnin fá jafnframt frönskukennslu, auk lestrarkennslu sem byggir á hljóðainnlögn. Tónlistar-, félagsfærni-, hegðunar- og skákkennsla skólans er að okkar mati á háu plani og við erum alltaf að bæta okkur og hámarka gæðin.

<u>Valtímar:</u> Á hverjum degi, þrisvar á dag, allt skólaárið um kring eru haldnir lýðræðislegir valfundir þar sem börnin skiptast á að velja sér svæði. Börnin geta valið úr að minnsta kosti sex til níu svæðum á hverjum valfundi. Á sumrin fjölgum við svæðunum fyrir elstu börnin. Valfundirnir eru góð þjálfun í lýðræði, jafnræði og mótlæti. Börnin skiptast á að vera fyrst að velja en allt valið er einfalt, gegnsætt og sjónrænt þar sem hvert svæði er táknað með valspjaldi. Þegar svæði fyllist er viðkomandi valspjald fjarlægt og tilkynnt að svæðið sé “fullt

af góðum vinkonum/vinum”. Hópstýrur/-stjórar senda foreldrum val barnsins jafnt og þétt yfir yfir skólaárið.

Hópatímar: Í hópatíma fer fram fjölbreytt þjálfun, félagsfærniþjálfun, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Á hverjum degi fá allir hópar skólans daglega uppbótarvinnu með áherslu á að styrkja sjálfstraust og kjark stúlkna og drengina í nærgætni og blíðu í samskiptum. Hrós- og þakklætiskort eru notuð daglega til að efla jákvætt viðhorf, sjálfstraust og samskipti barna. Við hugsum hópaverkefnin alltaf út frá æfingunni, í hverju börnin eru að æfa sig hverju sinni. Við leggjum mikla áherslu á að þjálfa börnin í að sýna seiglu og að bjarga málunum, sýna sjálfstjórn og hlusta á fyrirmæli og fylgja reglum. Agi og kærleikur fara hönd í hönd og við finnum að börnin öðlast aukið frelsi til að skapa, læra og dafna á heilbrigðan máta þegar ramminn er skýr. Við kennum röð, reglu og rútínu á nærgætinn og gleðiríkan hátt. Í hópatímum leggjum við gjarnan upp með áskoranir sem reyna á frumkvæði, skapandi hugsun og að börnin læri að leysa málin sjálf. Í hópatíma hafa börnin áhrif á hvaða verkefni verða fyrir valinu en hópstýran/-stjórinn lærir einnig inn á hópinn, áhugasvið barnanna, og í hvaða verkefnum hópurinn nýtur sín best og velur þjálfun og æfingar út frá getu og færni hópsins. Í lok hvers dags skráir hópstýran/-stjórinn hvað var gert í hópatímum dagsins og foreldrar fá þannig góða innsýn í hópastarfið. Við hvetjum foreldra til að nýta upplýsingarnar í góða málörvun og spyrja barnið hvað það gerði í hópatímunum.

Samverur: Samverur fara fram á svokölluðum skiptitímum og þá koma öll barn kjarnans saman. Börnin koma saman í hring þar sem hvert barn á sitt númeraða pláss á gólfmottu í hringnum. Í samverunum fer fram mikil og fjölbreytt málörvun og félagsfærniþjálfun, það er söngur, dans, leikir, sögur sagðar og lesnar, börnin skiptast á að koma “á sólina” (sólin er í miðju hringsins) og láta ljós sitt skína.

Söngfundir: Á hverjum föstudegi koma kjarnarnir saman á sameiginlegum kynjablönduðum söngfundi þar sem sungin eru lög sem valin eru fyrirfram og af kostgæfni með tilliti til aldurs barnanna, áhuga, skólamenningarinnar og árstíðanna. Á veturna eru yngri og eldri börnin sér á söngfundunum en á sumrin koma oft allir kjarnar skólans saman á útisöngfundi í garðinum.

Styrkleikar

Sú sundurgreining og kjörnun sem er viðhöfð í starfsháttum okkar á Laufásborg eykur einfaldleika og gegnsæi í okkar leikskólastarfi. Á Laufásborg er kynjaskipting, stúlkur og drengir eru á aðgreindum kjörnum (deildum). Kynjaskiptingin er okkar leið að jafnrétti. Með kynjaskiptingunni förum við enn lengra í að efla börnin með svokallaðri uppbótarvinnu þar sem kynin fá þjálfun í þeim viðfangsefnum og eiginleikum sem þau fara alla jafna frekar á mis við annars staðar í samfélaginu. Stúlkurnar fá meira af sjálfstæðis- og kjarkæfingum meðan drengirnir fá meira af æfingum sem reyna á nærgætni og hjálpsemi. Kynin hittast á hverjum degi í blöndun í hópatímum, þá mætast þau á jafnréttisgrundvelli í verkefnum þar sem bæði kynin fá að njóta sín. Tilgangurinn með blöndun er að börnin fái jákvæða mynd af hvoru kyni fyrir sig og myndi vináttu byggða á heilbrigðum grunni þar sem bæði kynin eru jafnrétthá. Kynjaskipt skólastarf þjónar þeim tilgangi að efla jafnrétti meðal kynjanna. Kynin fá

uppbótarvinnu hvort í sínu lagi, þar sem þau fá þjálfun í eiginleikum sem bæta þeim upp það sem samfélagið hefur meira “eignað” öðru kyni en þeirra eigin.

Tækifæri

Að koma heimasíðu skólans á laggirnar þar sem fjölskyldur skólans og aðrir áhugasamir munu hafa greiðan aðgang að ýmsum praktískum upplýsingum, fræðslu sem við höfum staðið fyrir, stefnu og sögu skólans. Bæklingurinn “Velkomin á Laufásborg” mun vera aðgengilegur á heimasíðu skólans en hann er í raun okkar handbók, okkar helsta uppfletti- og upplýsingarit, þegar kemur að því að útskýra starfshætti okkar og skipulag á Laufásborg. Einnig mun samantekt á örnámskeiðunum sem við höfum haldið á Laufásborg með foreldrum skólans einnig vera aðgengilegur á heimasíðu skólans.

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Deild/aldur barna	Yngri stúlknakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur	Halda inni hegðunarkennslu í gegnum kærleika og gleði og kenna stúlkunum að fylgja dagskrá skólans. Síðastliðið ár hefur náðst einstakur árangur á Yngri stúlknakjarna. Leikskóladagurinn hefur einkennst af ró og festu og það er mikil vellíðan og gleði í stúlknahópnum. Kröftugar og jákvæðar stúlkur sem hafa fundið kjarkinn sinn og sjálfstæði.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Viðhalda þeim árangri sem hefur náðst.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Á yngri kjörnunum fer hegðunarkennslan fram í hóp en þarf um leið að vera einstaklingsmiðuð. Lífríkið þar er viðkvæmt, stúlkurnar eru í kringum 2ja til 3ja ára gamlar. Það er því alltaf mikil jafnvægislist á yngri kjörnunum á milli kærleika og gleði og að halda í rammann. Dagskráin og þær aðstæður sem við setjum upp er ramminn hverju sinni. Ef ramminn er skýr og virkar þá löðum við sjálfkrafa fram bestu hegðunina hjá stúlkunum. Kúnstin er að setja stúlkurnar í aðstæður sem þær ráða við en um leið koma til móts við hverja og eina stúlku þar sem hún er stödd, gæta þess að henni líði vel og að hún sé í jafnvægi. Alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst.
Ábyrgð	Starfsfólk Yngri stúlknakjarna og leikskólastýra skólans.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf skólársins 2026-2027 til loka skólaársins 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hópstýra/-stjóri metur stúlkurnar í sínum hóp, metur hvort hver og ein þeirra sé í góðu jafnvægi, sé að taka framförum varðandi að fylgja dagskrá skólans í gleði og vellíðan. Við mætum hverju og einu barni þar sem það er statt byggt á dagsformi þess, getu og líðan hverju sinni.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stúlkurnar eru að taka framförum, þær eru að ná að fylgja dagskránni í vellíðan og í góðu jafnvægi. Á yngri kjörnunum er grunnurinn lagður, stúlkurnar læra í gegnum mýkt og lagni að fylgja röð, reglu og rútínu.

Deild/aldur barna	**Yngri drengjakjarni**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Röð, regla og rútína og jafnvægi drengjanna. Síðastliðið skólaár hefur kjarnafólk Yngri drengjakjarna náð miklum árangri varðandi að finna leiðir til að halda í röð, reglu og rútínu og fylgja dagskránni en um leið gæta þess að drengirnir ráði vel við leikskóladaginn og séu í góðu jafnvægi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Viðhalda núverandi árangri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mikil jafnvægislist er á milli kærleika og hegðunarkennslu og að halda í gleðina á yngri kjörnunum. Lífríkið þar er viðkvæmt og hegðunarkennslan þarf að vera í gegnum hópinn en um leið einstaklingsmiðuð. Koma þarf til móts við hvern og einn dreng þar sem hann er staddur, gæta þess að honum líði vel og sé í jafnvægi á sama tíma og dagskránni er fylgt og lögð er inn röð, regla og rútína. Alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst.
Ábyrgð	Starfsfólk Yngri drengjakjarna og leikskólastýra skólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf skólársins 2026-2027 til loka skólaársins 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hópstýra/-stjóri metur drengina í sínum hóp, metur hvort þeir séu í góðu jafnvægi, séu að taka framförum í að fylgja dagskránni í gleði og vellíðan. Við mætum hverju og einu barni þar sem það er statt byggt á dagsformi þess, getu og líðan hverju sinni.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Drengirnir eru að taka framförum varðandi að fylgja dagskránni, eru í vellíðan og í góðu jafnvægi. Á yngri kjörnunum er grunnurinn lagður, drengirnir læra í gegnum mýkt og lagni að fylgja röð, reglu og rútínu.

Deild/aldur barna	Eldri stúlknakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skerpa á og halda inni öflugri uppbótarvinnu með stúlkunum. Að styrkja stúlkurnar andlega og líkamlega, efla kjarkinn þeirra og trú þeirra á eigin getu. Að þær finni að þær hafi rödd og geti tjáð sig.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara í kjark- og kraftæfingar með stúlkunum og grípa öll tækifæri í deginum til að styrkja þær. Alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst.
Ábyrgð	Starfsfólk Eldri stúlknakjarna og leikskólastýra skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf skólársins 2026-2027 til loka skólaársins 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hópstýra/-stjóri metur stúlkurnar í sínum hóp og andann í hópnum. Eru stúlkurnar keikar? Treysta þær sér í kjarkæfingar og út fyrir þægindarammann? Tjá þær sig óhikað? Hvetja þær hverja aðra áfram? Allt starfsfólk kjarnans og skólans er vakandi fyrir því hvernig stúlkurnar birtast í dagskránni. aðstoðar þær eftir þörfum og lætur hópstýru/hópstjóra stúlkunnar vita ef talin er þörf á að efla sjálfsstyrkingu enn frekar í hópatíma.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stúlkurnar birtast starfsfólki skólans sem sjálfsöruggar, glaðar og keikar stúlkur, þær tjá sig óhikað, treysta sér í hin ýmsu verkefni og búa yfir lífsgleði og sjálfstrausti til að hvetja hverja aðra áfram.

Deild/aldur barna	Eldri drengjakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapa festu og ró í dagskránni með röð, reglu og rútínu og viðhalda þeirri lífs- og sköpunargleði sem hefur einkennt drengjahópinn. Að virðing og kurteisi einkenni öll samskipti drengjanna sín á milli.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Viðhalda núverandi árangri.

Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Halda í röð, reglu og rútínu, alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst. Fara í lífsgleðiæfingar, leggja markvisst inn uppbyggjandi og friðsæl samskipti þar sem kurteisi og virðing er í hávegum haft og hvetja drengina til að hugsa út fyrir rammann þegar kemur að leik og sköpun með þeim opna efniviði sem er á þeirra kjarna og í garðinum á Laufásborg.
Ábyrgð	Starfsfólk Eldri drengjakjarna og leikskólastýra skólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf skólársins 2026-2027 til loka skólaársins 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk kjarnans metur dag frá degi hvort ramminn haldi sér og hvort það sé ró og festa í leikskóladeginum en um leið lífsgleði, sköpun og virðing og kurteisi í samskiptum milli drengjanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk kjarnans finnur að starf kjarnans einkennist af festu og leikskóladagurinn gengur nokkuð áreynslulaust fyrir sig, dagskrá skólans heldur sér og það er röð, regla og rútína. Drengirnir ráða við leikskóladaginn í jafnvægi, gleði og vellíðan, dagskráin er einföld, gegnsæ og skýr. Kurteisi og virðing einkennir öll samskipti drengjanna.

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

Fylgiskjöl

Gögnin eru lýsandi fyrir jákvæðan skólabrag og menningu Laufásborgar og okkar skýru verkferla sem styðja við samræmd vinnubrögð alls starfsfólks. Takk fyrir að lesa.

Skóladagatal skólaársins 2026-2027
Umsókn Hamingjuhallarinnar ehf. að rekstri Laufásborgar. Við sóttum um rekstur skólans til Reykjavíkurborgar og fengum reksturinn 1. janúar á þessu ári 2026. Hér er örlítið styttri útgáfa af umsókninni. Hún er yfirgripsmikil og gefur góða sýn á tuttugu ára sögu okkar á Laufásborg.
Samantekt á foreldrakönnun í mai 2026

Ný skólanámsskrá
Velkomin á Laufásborg. Bæklingur sem var gerður fyrir nýja foreldra og lýsir vel skólastarfinu á Laufásborg og hvernig það gengur fyrir sig að fara með barn í gegnum aðlögun í skólanum. Bæklingurinn er nú færður öllum foreldrum skólans og er upplýsandi handbók fyrir foreldra á Laufásborg.
Orð inn í daginn, hjartslátturinn Hér eru sýnishorn af setningum sem hafa verið skrifaðar inn í hvern dag, hluti af morgunskilaboðum leikskólastýrunnar. Á hverjum degi í tuttugu ár hefur það fylgt okkur að skólastýran skrifi falleg skilaboð inn í daginn með töflu dagsins (skipulag hvers dags). Okkur dreymir um að koma þessu efni í útgáfu.
Kærleikskortin og þakklætiskortin Kortin eru grunnefniviður og notuð daglega á hverjum kjarna og í hverjum hóp á Laufásborg.
Örnámskeiðin Samantekt á örnámskeiðunum sem hafa verið haldin á annan tug ára, útgáfa á þessu efni er í vinnslu hjá hönnuði
Læsiskynning Við erum að ná mjög góðum árangri í lestrarinnlögn í gegnum leik. Börnin okkar hafa verið mæld að hausti í fyrsta bekk með viðmið sem þau ættu að ná að vori í fyrsta bekk. Hér er glærurnar af kynningunni sem við héldum fyrir leikskóla í Reykjavík og ánægjan með kynninguna var mikil og vorum við beðin að koma aftur.

Foreldrafélagið Hrókur alls fagnaðar og Skákfélag Laufásborgar Í ár fékk foreldrafélagið Hrókur alls fagnaðar tilnefningu Heimilis og skóla. Á EM í skólaskák í maí fengum við sérstaka viðurkenningu fyrir “outstanding team spirit and dedication to chess”. Okkur þótti einstaklega vænt um það.
Kvæðabarnafjelag Laufásborgar á Þjóðlagahátíð 2025 Hér er meðal annars lýsandi hrós foreldris sem vert er að lesa og gefur góða innsýn í það samfélag barna, fjölskyldna og starfsfólks sem við höfum skapað á Laufásborg.
Vorferð útskriftarárgangsins. Síðustu ár hefur útskriftarárgangurinn farið að vori að Sólheimum í Grímsnesi þar sem börnin ásamt sínum hópstýrum/-stjórum gista eina nótt.
Harpa heimstónleikar Útskriftarbörn Laufásborgar taka þátt í heimstónlistarhátíð Hörpu þann 13. júní 2026. Þau munu vera með trommutónleika og kveða fyrir gesti og gangandi.

Verkfærakistan Verkfærakistuna bjuggum við til árið 2002 til að styðja við okkur í starfi og okkur og börnin í að skapa jákvæð og uppbyggileg samskipti.
Að velja einfaldleikann Hugvekja
Agi og hegðunarkennsla.
Gleði er fagmennska
Gleði er fagmennska -ítarlegri útfærsla.

Heimsókn í Eton College núna í mai. Við fórum í helgarferð til Windsor og urðum þess heiður aðnjótandi að fá tveggja tíma leiðsögn um skólann og til gamans eru hér ljósmyndir og þar með nýjasta hópamyndin af okkur á Laufásborg.
Eldhúsið - myndir og fréttir frá því að eldhúsið var tekið í gegn á Laufásborg því kokkur ráðinn til starfa, mikið heillaskref fyrir skólann. Nú er allur matur eldaður frá grunni í skólanum og allt hráefni í hæsta gæðaflokki, lífrænt og fyrsta flokks.

Stuðlaberg, tímarit helgað hefðbundinni ljóðlist. Ítarlegt og fræðandi viðtal um kveðskapinn á Laufásborg og kennsluna

Skákbörn.is Heimasíða sem foreldrar skákbarnanna eiga heiðurinn af. Þar er stiklað á stóru í skáksögunni okkar.
Laufásborg á facebook Heimasíða Laufásborgar er í smíðum.
Skákfélag Laufásborgar á facebook

Þróunarverkefni - Erasmus samstarf. Framhaldsskólinn BAfEP Karnten í Klagenfurt í Austurríki fær að senda nema í starfsnám á Laufásborg tvisvar á ári. Samstarfið er þróunarverkefni Laufásborgar og hefur verið í mörg ár. Vinsældirnar aukast sífellt og nú er svo komið að við tökum á móti nemum tvisvar á skólaári. Það koma fjórir nemar í einu.

Mannlegi þátturinn, viðtal við Jensu vegna tilnefningarinnar, Reykvíkingur ársins

SVÞ fagnar tilnefningu til Reykvíking ársins

MBL Jensína Edda Reykvíkingur ársins

Vísir.is Jensína Edda Reykvíkingur ársins

10.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristín Manúelsdóttir
Kristín Bergsdóttir
Árni Grétar Finnsson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já. Áherslur starfsáætlunarinnar endurspegla vel það starf sem foreldrar hafa orðið vitni að á liðnu skólaári. Megináherslurnar röð, regla og rútína, vellíðan barna, hópakerfið og samstarf heimilis og skóla eru í samræmi við þá reynslu sem fjölskyldur skólans hafa haft af daglegum skólarekstri.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já. Starfsáætlunin gefur foreldrum góða innsýn í hugmyndafræði skólans, áherslur og skipulag dagskrár. Gagnlegt er að sjá hvernig starfsfólk fylgist með líðan barnanna og mætir hverju barni þar sem það er statt hverju sinni.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Kristín Manúelsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.

- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.